

Hlín Lilja Sigfúsdóttir
Nefndasvið Alþingis

Félagsmálanefnd

Reykjavík, 30. nóvember 2005

Efni: Umsögn um frv. til laga um starfsmannaleigur

Félagsmálanefnd Alþingis óskar í bréfi sínu dags. 29. nóvember 2005 eftir umsögn Liðsinnis ehf um frv. til laga um starfsmannaleigur.

Undirrituð vill taka fram að forsvarsmenn félagsins telja að þjónusta Liðsinnis ehf geti ekki talist starfsmannaleiga og falli því ekki undir ákvæði frv. til laga um starfsmannaleigur. Þjónusta Liðsinnis til viðskiptavina sinna er á formi verksamninga og útseldrar vinnu með samskonar hætti og fyrirtæki á sviði t.d. verkfræðiþjónustu, öryggisþjónustu, bókhaldsþjónustu og tölvuþjónustu, svo dæmi séu nefnd. Liðsinni hefur öll tilskilin starfsleyfi og viðurkenningar á starfsemi sinni frá hlutaðeigandi yfirvöldum.

Liðsinni ehf starfar á þremur sviðum.

Í fyrsta lagi Ráðgjafasvið, sem býður þjónustu á sviði áhættugreiningar og gerð forvarnaáætlana, auk þess sem það gerir þjónustusamninga um heilsu- og vinnuvernd í fyrirtækjum og um trúnaðarlækningar. Þessi starfsemi hefur viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt ákvæðum 66.gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og var fyrst fyrirtækja að hljóta slíka viðurkenningu.

Í öðru lagi Heilbrigðisvið sem annast annast hjúkrunarþjónustu og önnur heilbrigðisverkefni (bólusetningar ofl) á heilbrigðisstofnunum og fyrirtækjum á heilbrigðisviði. Þessi starfsemi hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis til reksturs á heilbrigðisviði á samræmi við 26. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.

Í þriðja lagi Þróunarsvið, sem vinnur að ýmsum þróunarverkefnum á heilbrigðisviði.

Faglegir starfsmenn fyrirtækisins eru á sviði læknisfræði, hjúkrunarfræði, iðjuþjálfunar og sjúkráþjálfunar og starfa eftir atvikum að verkefnum á ofangreindum þremur sviðum. Auk þess starfa með fyrirtækinu verkfræðingar og sérfræðingar á ýmsum sviðum sem taka að sér tímabundin verkefni fyrir fyrirtækið.

Hins vegar hefur ekki farið fram hjá forsvarsmönnum Liðsinnis ehf að fyrirtækið hefur verið nefnt sem dæmi um íslenska starfsmannaleigu m.a. í greinargerð Háskólans í Bifröst um starfsmannaleigur fyrir félagsmálaráðherra. Því eru forsvarsmenn Liðsinnis ekki sammála og mótmæla þeim skilningi.

Með vinsemd og virðingu
f.h. stjórnar Liðsinnis ehf

Anna Sigrún Baldursdóttir,
sviðsstjóri heilbrigðisviðs